

**Nd. 107. Frumvarp til laga [74. mál]**

um breyting á lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Í stað orðsins „samgöngumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laganna komi: menntamálaráðuneytinu.

2. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Yfirstjórn skólans hefur menntamálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „samgöngumálaráðuneytið“ í 1. mgr. 17. gr. laganna komi: menntamálaráðuneytið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi sem stjórnarfrv., en var fellt, væntanlega vegna þess, að þingmenn höfðu ekki áttáð sig á því, að hagkvæmast er að hafa yfirstjórn skóla þessa í því ráðuneyti, sem vanast er meðferð slíkra mála, sem sé menntamálaráðuneytinu. Breytingin er ekki síður hagkvæm nú eftir stjórnarskiptin en áður var, og er frv. flutt í trausti þess, að þingmenn vilji að athuguðu máli hafa þann háttinn á, sem heppilegastur er.